

Stjórnarfundur SÍK þriðjudaginn 17. janúar 2017 kl. 17.

Páll og Haraldur forfallaðir vegna veikinda. Aðrir mættir. Ásta las úr Ef 3.14 og áfram bæn Páls. Síðan var sambæn.

1. Fundargerðir

- a. Frá síðasta stjórnarfundu
- b. Frá starfsmannafundi. Engar athugasemdir burt séð frá stafsetningarvillu.

2. Fjármál – fjárhagsstaða og áætlun.

- a. Hermann fór yfir fjárhagsstöðu. Tekjur eru nokkuð minni en gert var ráð fyrir á árinu miðað við fært bókhald. Tekjur frá Basar hafa hækkað í takt við áætlun. Aðeins einn gámur af skóm fór á liðnu ári svo tekjur eru þar af leiðandi minni. Þeir hafa stundum verið 3-4 á ári.
- b. Launakostnaður hefur hækkað aðeins.
- c. Kostnaður við endurskoðun er hár sem og leiga á bókhaldskerfi. Vert er að kanna kosti þess að skipta í ódýrara bókhaldskerfi. Hermann kannar málið ásamt Rögggu. Spyrja mætti ráða hjá Vigfúsi (ÓJ) um frágang skráa í árslok og annað þessu tengt.
- d. Jón Kristinn Lárusson verður beðinn að taka endurskoðun að sér (RG). Leifur og Katsuko gætu komið heim í sumar í sumarleyfi samkvæmt starfsreglum og við það hækkar áætlunin, á móti sjáum við ekki fram á að geta sent fólk til Eþíópíu.
- e. Kostnaður við starfið úti var hærri en áður og áætlun fyrir næsta ár hljóðar upp á rúmlega 20 mkr sem er nokkur lækkun enda stórt verkefni í Kenýu vegna skólabygginga í fyrra.
- f. Halli ársins 2016 er um 17 mkr. Við getum ekki ráðið við að halda svona áfram. Launakostnaður og kostnaður við starfið úti eru hærri en heildartekjur ársins. Ljóst er að eitthvað þarf að gera til að lækka kostnað og auka tekjur. Annað hvort þarf að draga úr starfinu úti og/eða lækka launakostnað hér heima, eða auka tekjur. Áætlunin fyrir komandi ár sýnir viðbúinn halla yfir 11 mkr. Það er nauðsynlegt að finna leið til að dekkja umsýslukostnað, kostnað við laun og rekstur húsnæðis og starfið úti. Tekjur hafa lækkað á ýmsum sviðum. Basarinn er með 1,5 starfsmann sem minnkar tekjur af basarum. Nettó tekjur af Basarum eru nú ekki nema um 4,6 mkr þegar laun og rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá. Alfa og GLS hafa notið krafta starfsmanns án þess að greiða mikinn kostnað. Um mitt ár gæti þýðingarverkefnið New Living Translation tekið við hálfu starf. Gefendur sem hafa lagt mest til fyrr á árum eru ekki eins margir og áður. Viðhorf til kristniboðs hefur breyst. Alls konar safnanir eru í gangi frá ýmsum sem tengjast ekkert okkar starfi. Tekjumöguleikar okkar eru minni en áður. Rekstrarkostnaður er að hækka.
- g. Kanna má hvort NLM geti tekið við meiri hluta eða helmingi af kostnaði okkar í Japan.
- h. Setja þarf upp áætlun um aðgerðir, hvernig við aukum tekjur og hvernig við skerum niður kostnað og ræða hana á næsta stjórnarfundu.

3. Íslenskukennslan í Kristniboðssalnum: Staða, framhald og framtíð.

- a. Fleiri hælisleitendur hafa komið en áður, færri börn en áður. Hugleiðingarnar hafa verið á höndum Hrannar, en nú þarf að finna aðra til að taka þær. Þörf er á öðrum kennara til að

geta sinnt bæði framhaldsnámi og byrjendum. Mismunandi staða fólks krefst mismunandi kennslu og aðstoðar. Okkur vantar kennara til að geta haft tvo styrkleikahópa en til þess þyrfti styrk frá opinberum aðilum. Ekki er hægt að ráða fólk nema til komi opinber styrkur. Sjálfboðaliðar eru mjög góður stuðningur fyrir umræðuhópa og ómetanlegir. Þörf er fyrirbænar fyrir þessu starfi og framtíð þess.

4. Staða ýmissa mála.

- a. Kristniboðsvika er í undirbúningi. Flugmiði fyrir Loyara frá Kenýu hefur verið keyptur. 26. febrúar kl. 17 verður samkoma í Grensáskirkju.
- b. Bjarni Árnason er á sömu launum og Anna í 20% starfi. Vinnumálastofnun greiðir 75%.
- c. Ferð Ragnars til Kenýu. Magnús Kristinsson svili hans fer með honum.
- d. Ferð Ragnars til Japans í mars og á meðan þessar ferðir standa yfir sinnir Kristín Bjarnadóttir verkefnum framkvæmdastjóra.
- e. Ástandið í Eþíópíu er alvarlegt áfram og fregnir hafa borist að gömlu prestarnir, Berrisha og Sokka, hafi verið fangelsaðir, jafnvel verið misþyrmt. Óvíst er með Kússe. Áríðandi fyrirbænaefni.

5. Útgáfur Salts ehf á árinu.

- a. Skoðaðar voru tillögur frá RG, byggðar á umfjöllun stjórnar Salts ehf, m.a. bæklingur *Skref til friðar við Guð*, Bókin um Marteín Lúther, Barnabækur með biblíusögum og púslum, *Alfanámshefti* og heftið *Hvers vegna Jesús?* Hugvekjubók Corree ten Boom í ódýru broti? Stjórn SÍK telur of lítinn markað fyrir bókina um Marteín Lúther nema hægt sé að selja hana í nógu mörgum eintökum fyrirfram. Minnst 50 fyrirfram seld. Alfanámsheftin eru nauðsyn. Vinna þarf heftið upp á nýtt, en byrja á 1000 eintökum. *Hvers vegna Jesús?* heftið var hugsað til að gefa á Alfanámskeiði. Gott hefti þess utan. Hluti af Alfa efni. Hægt væri að skanna og breyta kápu. Harðspjaldabarnabækur þurfa að bíða þar til peningar fást. Skref til friðar má gefa út enda lægri kostnaður.
- b. NLT. Búið er að þýða Jóhannesarguðspjall. Verður prentað í Kanada og flutt inn. Hugmyndin er að gefa þetta t.d. fyrir fermingarbörn og í útbreiðsluherferðir. Langtímamarkmiðið er að þýða Biblíuna alla byggt á þessari ensku þýðingu (New Living Translation) sem byggð er á frummáli en þó þannig að það sé skiljanlegt ungu fólki. Salt þarf að leggja út fyrir prentun, þýðingarkostnaður yrði greiddur af erlendum aðilum. Við höfum ekki fjármuni til þessa. Friðrik Schram þýddi Jóhannesarguðspjall. Það þarf fleiri verktaka og Kristján Þór Sverrisson er góður í þýðingum og gæti sinnt því í hlutastarfi og myndi það minnka launakostnað SÍK þar til þetta klárast. Háð því að peningar verði útvegaðir til að keyra þetta verkefni. Þetta má ekki verða baggi á okkur. Gott er að hafa einn þýðanda og mál sem ungt fólk skilur. Líklega um 2-3 ár sem þarf í þýðingavinnuna.

6. **Næsti fundur 21. febrúar** kl 17:00 – 19:30 í síðasta lagi.

7. Önnur mál.

- a. Umgengni í Kristniboðssalnum. Brýna þarf fyrir þeim sem leigja og nota salinn að ganga vel um og þrifa. Tæma þarf rusl, slökkva á þvottavél. Útbúa þarf kurteislegt bréf til þeirra sem leigja salinn og biðja um að liðir sem verður að gera eða athuga við frágang séu gerðir, annars þurfi að endurskoða útlán á salnum til allra sem ekki geta uppfyllt kröfurnar. Umsjónarmenn fái slíkan miða og einnig má hengja upp tékklista til að menn reki augun í. Gæta þarf þess að salurinn sé bókaður og ekki sé hægt að koma bara og ganga út frá að salurinn sé laus.
- b. Útleiga á salnum er minni en áður.
- c. Finnsk kona, Mailis Janatuinen, og fyrrum starfsmaður FLOM m.a. í Japan, vill koma á eigin vegum til að kynna biblíulesefni sem hún hefur útbúið fyrir smáhópa (á ensku líkast til). Við þurfum frekari upplýsingar. Gæti nýst Salti, KSF, kristniboðshópum, söfnuðum, Alfaframhaldshópum o.s.frv.
- d. Víbrasjón og hávaði frá kompressu í fiskbúð og loftræsting hér fyrir framan á ganginum valda það miklum titringi og truflun á skrifstofu SÍK að fólk hefur þurft að flytja sig um starfsstöð. Kanna þarf leiðir til að laga þetta.
- e. Samþykkt var kaupa nýjan ísskáp(a) í stað þess sem nú er í eldhúsinu vegna lélegrar nýtingar, hávaða og stöðugt versnandi kælingar. Hulda sé með í að kanna þetta ásamt húsnefnd.

Skráð af ritara: GG